

Erindisbréf fyrir umhverfis- og framkvæmdaráð Vopnafjarðarhrepps

1. gr.

Hlutverk umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Umhverfis- og framkvæmdaráð annast þau störf sem sveitarstjórn felur ráðinu á sviði umhverfis-, framkvæmda- og hafnarmála ásamt því að fara með verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og umferðarfræðslu skv. 112. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ráðið fer einnig með málefni vatnsveitu skv. 2. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, og náttúruverndarnefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Ráðið fer með verkefni hafnarstjórnar og ber stjórnunarlega ábyrgð á höfnum sveitarfélagsins í samræmi við hafnalög nr. 61/2003 og hafnarreglugerð fyrir Vopnafjarðarhöfn nr. 981/2005, með síðari breytingum. Nefndin fjallar um landbúnaðarmál, ákveður fjallskil o.þ.h.

Umhverfis- og framkvæmdaráð starfar í samræmi við stefnumótun, samþykktir og áætlanir sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps á verkefnasviði ráðsins.

2. gr.

Verkefni.

Helstu verkefni umhverfis- og framkvæmdaráðs eru:

- að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun í umhverfismálum, á sviði málefna dreifbýlis og hálendis í sveitarfélaginu, hafnarmála, í skipulags- og byggingarmálum og hafa eftirlit með að stefna sveitarfélagsins á hverjum tíma sé haldin,
- að gera tillögur um úrbætur og hvað eina sem betur má fara í starfsemi hafnar sveitarfélagsins,
- að framfylgja gildandi hafnarreglugerð í sveitarfélaginu,
- að gera tillögur um reglur og gjaldskrár á sviði umhverfismála og hafnarmála,
- að gera tillögur um fyrirkomulag úthlutunar lóða til byggingar íbúða- og atvinnuhúsnæðis í sveitarfélaginu,
- að fara yfir tillögur stjórnenda að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið ráðsins,
- að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis í umhverfis-, framkvæmda og skipulagsmálum,
- að stuðla að því að umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins sé til fyrirmyndar,
- að hafa eftirlit með almennri umhirðu og sorphirðu í sveitarfélaginu,
- að vinna að endurvinnslu og förgun úrgangs skv. lögum um meðhöndlun úrgangs,
- að bera ábyrgð á að gerð skipulagstillagna í samræmi við skipulagslög,
- að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins,
- að gera tillögur um nýframkvæmdir sveitarfélagsins og viðhald fasteigna sveitarfélagsins,
- að fjalla um rekstur og verkefni þjónustumiðstöðvar, svo sem viðhaldsáætlanir, verkáætlanir, snjóhreinsun og hálfuvarnir, viðhaldsverkefni gatna og stíga, hreinsun opinna svæða og gatnalýsingu,
- að veita sveitarstjórn umsögn og gera tillögur á sviði sérmálefna dreifbýlisins,
- að gera tillögur um styrkvegi og öflun fjármagns til uppbyggingar þeirra og viðhalds,
- að fara með verkefni umferðarnefndar samkvæmt umferðarlögum,
- að hafa umsjón með skipulagi og almennri fegrun opinna svæða í sveitarfélaginu,
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur ráðinu á hverjum tíma.

3. gr.

Skipan umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Umhverfis- og framkvæmdaráð er skipað sjö aðalfulltrúum og jafnmörgum til vara kjörnum af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn kýs formann og varaformann ráðsins. Kjörtímabil ráðsins er það sama og sveitarstjórnar.

Formaður ákveður dagskrá fundar ráðsins í samstarfi við sveitarstjóra.

4. gr.

Fundarboðun og málsmeðferð.

Sveitarstjóri sér um að boða til fundar með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fylgigögnum a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Geti fulltrúi í umhverfis- og framkvæmdaráði ekki sótt fund skal hann tilkynna það sveitarstjóra og boða varamann á fund.

Málsmeðferð umhverfis- og framkvæmdaráðs skal vera í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, stjórnarsýslulaga, samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps, siðareglna fyrir kjörna fulltrúa hjá Vopnafjarðarhreppi og góða stjórnarsýsluvenju.

Um fundarsköp á fundum ráðsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps og auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021.

Fundir ráðsins skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Heimilt að opna fund komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Fulltrúum í umhverfis- og framkvæmdaráði er almennt heimilt að nota fjarfundarbúnað í samræmi við reglur um framkvæmd fjarfunda sveitarstjórnar og ráða Vopnafjarðarhrepps.

Ráðið skal halda gerðabók og skulu fundargerðir þess sendar sveitarstjórn til kynningar. Mál sem þurfa afgreiðslu sveitarstjórnar skulu tekin fyrir sem sérstakur dagskrárliður á fundi sveitarstjórnar. Fundir skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði í samræmi við fundadagatal Vopnafjarðarhrepps, eða eins oft og þurfa þykir innan fjárheimilda ráðsins. Aukafundi skal halda ef meirihluti fulltrúa í ráðinu fer fram á slíkt.

5. gr.

Hlutverk sveitarstjóra.

Sveitarstjóri situr fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Formaður ráðsins og sveitarstjóri ákveða með hliðsjón af dagskrá fundar hvort aðrir starfsmenn sveitarfélagsins sitji fund. Sveitarstjóri undirbýr fundi í samstarfi við formann og hefur yfirumsjón með að framkvæma ákvarðanir ráðsins eftir að sveitarstjórn hefur staðfest þær.

Sveitarstjóri sér um ritun fundargerða og frágang skjala eftir fundi.

6. gr.

Þagnarskylda og hæfi.

Fulltrúi í umhverfis- og framkvæmdaráð skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í ráðinu, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

7. gr.

Gildistaka

Erindisbréfið tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn.

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 32. gr. samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps nr. 585/2019 með síðari breytingum.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps 22.september 2022.